

**\*Tollverð**  
**\*Gjafaafsláttur**

### Úrskurður nr. 1/2009

**Kærður er úrskurður tollstjóra um ákvörðun tollverðs og gjafaafsláttar. Ríkistollanefnd staðfesti niðurstöðu tollstjóra um tollverð, en féllst á kröfu kæranda um gjafaafslátt.**

Með bréfi til ríkistollanefndar, dags. 16. mars 2009, kærir A., úrskurð tollstjóra nr. 3/2009. Í úrskurðinum ákvarðar tollstjóri að kærandi greiði aðflutningsgjöld í samræmi við vörureikning sem fylgdi vörunni. Kærandi heldur því fram að um gjöf sé að ræða og hluti innkaupsverðsins hafi verið greiddur með gjafabréfi.

Í hinum kærða úrskurði kemur fram að um er að ræða sendingu sem kom með póstsendingu P 150 2012 80IS B35 3315 frá fyrirtækinu Amazon.co.uk. Þann 22. desember hafi kærandi tollafgreitt sendinguna á póstmíðstöðinni við Stórhöfða. Um hafi verið að ræða Xbox 360 leikjatölvu, tölvuleik, auka fjarstýringu og HDMI snúru. Aðflutningsgjöld hafi verið ákvörðuð og lögð á í samræmi við vörureikning sem fylgdi sendingunni að upphæð 246.36 evrur.

Kærandi mótmælti að lögð væri til grundvallar álagningu aðflutningsgjaldaupphæð sú sem tilgreind er á vörureikningi og heldur því fram að hluti verðsins 107,34 evrur hafi verið greiddar með gjafabréfi “gift certificate”. Um sé að ræða gjöf frá bróður hans sem sé við nám og búi í Hollandi. Fram kemur að hann hafi lögheimili á Íslandi og hafi notað íslenskt kreditkort við pöntun vörunnar. Kærandi óskar eftir því að tollar og gjöld af sendingunni verði endurreiknuð með tilliti til þess að heildarkostnaður hafi verið 121.77 bresk pund eða 139.02 evrur. Að auki fer hann fram á að gjöld verði reiknuð eins og um gjöf væri að ræða, þar sem um hafi verið að ræða jóla- og afmælisgjöf.

Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að í 3. gr. tollalaga nr. 88/2005 með síðari breytingum sé kveðið á um almenna tollskyldu, þ.e. að hver sem flytur vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða verður ábyrgur fyrir greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum þessara laga sé tollskyldur og skal greiða toll af hinni innfluttu vöru, nema annað sé tekið fram í tollskrá. Meginreglan sé því sú að greiða skuli aðflutningsgjöld af öllum vörum sem fluttar séu til landsins.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. tollalaga sé tollverð innfluttra vara viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega sé greitt eða greiða ber fyrir vöruna við sölu þeirra til útflutnings til landsins. Því beri að fara eftir viðskiptareikningi þegar aðflutningsgjöld sendingar séu ákvörðuð. Á reikningi frá fyrirtækinu amazon.co.uk sem fylgdi sendingunni komi fram að heildarverð vörunnar sem pöntuð var sé 246,36 evrur með sendingarkostnaði inniföldum. Þar kemur einnig fram að notað hafi verið gjafabréf eða “gift certificate” að upphæð 107,34 evrur. Sú staðreynd að gjafabréf hafi verið notað breyti engu um að heildarverð sendingarinnar, að inniföldum sendingarkostnaði var 246.36 evrur. Viðskiptaverð sendingarinnar, sem liggur til grundvallar útreikningi

og álagningu aðflutningsgjalda, sé heildarverð hennar, óháð því hvernig greiðslu var háttað. Því var heildarupphæð vörureiknings með réttu lögð til grundvallar upphæðar og álagningar aðflutningsgjalda, þar sem engin heimild sé í lögum til að gera greinarmun á því hvernig verð vöru sé greitt.

Þá segir að í a-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008 sé kveðið á um undanþágu frá almennri tollskyldu, þegar um gjafir sé að ræða. Til að þessi undanþáguheimild hafi gildi þurfi að uppfylla þau skilyrði sem kveðið sé á um í áðurnefndum greinum. Meðal annars skal vera um að ræða tækifærisgjafir sem aðilar búsettir erlendis senda til landsins eða hafa með sér frá útlöndum af sérstöku tilefni, enda sé verðmæti gjafarinnar ekki meira en 10.000,00 kr. Samkvæmt skilyrðum þessara lagaákvæða þurfi því að vera um gjöf að ræða sem aðili, sem sannanlega sé búsettur erlendis sendi til landsins. Við eftirgrennsan hjá Þjóðskrá hafi komið í ljós að bróðir innflytjanda, sem sé skráður kaupandi ofangreindrar sendingar, sé með lögheimili skráð á Íslandi. Ekkert sé skráð um að hann hafi aðsetur erlendis. Þar að auki sé hann skráður með íslenskt heimilisfang á vörureikningi þeim sem fylgi sendingunni sem hér um ræðir. Því sé ekkert sem sýni fram á að kaupandi vörunnar, sem lét senda hana til innflytjanda af fyrirtækinu amazon.co.uk sé búsettur erlendis. Þvert á móti sé hann sannanlega skráður með lögheimili á Íslandi. Þar af leiðandi uppfyllist hér ekki skilyrði til undanþágu frá almennri tollskyldu skv. lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Með hliðsjón af ofanskráðu staðfestir tollstjóri ákvörðun um álagningu aðflutningsgjalda af sendingu nr. P 150 20 12 8 IS B35 3315.

Í kærinni segir m.a. að þegar kærandi hafi sótt á póstmíðstöðina jóla- og afmælisgjöf frá bróður sínum sem sé búsettur í Hollandi hafi hann verið krafinn um aðflutningsgjöld af sendingunni eins og eðlilegt sé. Gjöldin hafi verið reiknuð af of hárru upphæð þ.e. € 246,36 í stað €139,02. Þessi mismunur skýrist af því að með Xbox360 vélinni tölvuleiki og auka farstýringu fyrir €10 auk þess em HDMI snúra fylgdi frítt með.

Þá segir í kærinni að rökin fyrir úrskurði tollstjóra séu að á reikningi sem fylgdi sendingunni standi að afslátturinn sé vegna “gift certificate” sem í viðbótarskjöllum er send voru með (afrit af reikningi sem var sendur í tölvupósti og afrit af reikningi eins og hann lítur úr á netinu) standi að afslátturinn stafi af “promotion applied”. Kærandi kveðst eiga erfitt með að setta sig við að þurfa að borga aðflutningsgjöld af fullu verði vöru sem annað hvort sé send frítt eða seld ódýrt vegna tilboða. Sé þetta sett í samhengi væri þetta eins og að þurfa að borga vsk. af fullu verði hluta sem seldir séu á útsölu.

Þá mótmælir kærandi því að ekki sé tekið tillit til þess í útreikningi tollstjóra, á aðflutningsgjöldum, að um sé að ræða gjöf frá bróður sínum sem býi í Delft í Hollandi. Kærandi segir að nemar frá Íslandi í Hollandi þurfi ekki að færa lögheimili sitt frá Íslandi. Hann leggur fram með kærinni leigusamning bróður síns um leigu á húsnæði í Hollandi.

Kærandi krefst þess að aðflutningsgjöld verði endurreiknuð með tilliti til þess að heildarkostnaður við innkaup vörunnar hafi veriði €121.77. Þá er þess krafist að tekið verði tillit til þess að um gjöf hafi verið að ræða við útreikning aðflutningsgjalda.

Kæran var send tollstjóra til umsagnar með bréfi, dags. 17. mars 2009. Í svari sem barst nefndinni þann 20. apríl 2009 hafnar tollstjóri fram komnum rökstuðningi kæranda og krefst embættið þess að hinn kærði úrskurður tollstjórans í Reykjavík verði staðfestur.

Í greinargerð tollstjóra segir m.a. að í 1. mgr. 14. gr. tollalaga nr. 88/2005 sé kveðið á um að tollverð innfluttra vara sé viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar við sölu þeirra til útflutnings til landsins með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 15. gr. laganna. Á reikningi frá fyrirtækinu amazon.co.uk komi fram að mismunur milli heildarupphæðar reiknings og þeirrar upphæðar sem skv. reikningi var gjaldfærð á kreditkort hafi verið greidd með gjafabréfi, eða „gift certificate“. Gjafabréf er greiðslumiðill, rétt eins og millifærsla í banka eða annað. Varðandi ákvörðun um hvert tollverð skuli vera ber skv. ofangreindu að miða við heildarverðmæti sendingarinnar, burtséð frá hver greiðir. Tollstjóri fellst ekki á að gögn hafi verið lögð fram sýni sem fram á að um tilboð hafi verið að ræða.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að kærandi krefjist þess að tollmeðferð sendingarinnar miðist við það að um gjöf sé að ræða í skilningi a-liðar 8. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga. Í úrskurði Tollstjóra nr. 3/2009 var því hafnað að fyrrgreind sending teldist gjöf í skilningi ákvæðisins m.a. þar sem sendandi sé skráður með lögheimili og aðsetur á Íslandi og engin gögn lágu fyrir um búsetu hans erlendis. Nú hefur kærandi lagt fram ljósrit af leigusamningi sendanda í Delft í Hollandi fyrir tímabilið 20. ágúst 2008 til 31. júlí 2009.

Þrátt fyrir það getur embættið ekki fallist á að um gjöf í skilningi a-liðar 8. tölul. 1. mgr. 6. gr. sé að ræða, þar sem framlagður reikningur ber það með sér að ekki hafi verið merkt við að senda skyldi sem gjöf, þrátt fyrir að boðið sé upp á þann möguleika á vefsíðu amazon.co.uk., kaupanda að kostnaðarlausu.

Með hliðsjón af framansögðu krefst embætti Tollstjóra þess að úrskurður nr. 3/2009 verði staðfestur.

Kæranda var send greinargerð tollstjóra til umsagnar með bréfi, dags. 20. apríl 2009. Í svari sem barst nefndinni þann 11. maí 2009 er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og fyrri kröfur ítrekaðar. Kærandi segist ítrekað hafa bent á að ekki hafi verið greitt fyrir sendinguna með gjafabréfi heldur hafi verið um að ræða tilboð hjá amazon.co.uk. Finnst kæranda það undarlegt að því sé ávallt haldið fram að greitt hafi verið fyrir vöruna með gjafabréfi þó að fram hafi verið lagður ítrekaður rökstuðningur um hið gangstæða. Þá hafi verið lagt fram afrit að kvittun frá amazon.co.uk., dags. 14. desember 2008 og afrit að vefsíðu þar sem sýnt sé fram á að endurtekin pöntun hafi verið meðhöndluð með sömu afsláttum. Þá segir að lögð hafi verið fram gögn sem sýni fram á að gefandi sé bróðir kæranda sem búsettur sé í Hollandi og leigi þar húsnæði eins og sýnt hafi verið fram á með framvísun á húsaleigusamningi hans. Kæranda finnst það skrýtin rök hjá tollstjóra að ekki sé hægt að meðhöndla sendinguna sem gjöf þar sem ekki hafi verið óskað eftir þeim möguleika á vefsíðu amazon.co.uk. Kærandi kveðst hafa farið inn á síðuna og gat ekki fundið þennan möguleika fyrir XBOX leikjatölvur.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir málavexti. Í máli þessu er deilt um tollverð vöru sem flutt er inn frá Hollandi í póstsendingu P 150 20 12 8 IS

B35 3315. Varan var keypt frá amazon.co.uk. Tollstjóri leggur til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda vörureikning sem fylgdi sendingunni og hafnar afslætti sem fram kemur á honum. Kærandi krefst þess að tillit sé tekið afsláttarins, sem hann segir vera tilboð sem hafi staðið öllum til boða, við útreikning gjalda af vörunni. Kærandi krefst þess að við útreikning aðflutningsgjalda af sendingunni verði tekið tillit til þess að um gjöf frá bróður hans sé að ræða sem sé búsettur í Hollandi. Með kærinni var lagður fram húsaleigusamningur bróður hans sem sönnun um búsetu hans. Tollstjóri viðurkennir ekki að um gjöf sé að ræða þar sem gefandinn sé með lögheimili hér á landi og að sendingin sé ekki merkt sem slík.

Á vörureikningi nr. D23njQp2R dags 13. des. 2008 frá fyrirtækinu amazon.co.uk, sem fylgdi í póstsendingar P 150 20 12 8 IS B35 3315, eru tilgreindar vörur að verðmæti £ 208,83, sendingarkostnaður £ 6,96, samtals £ 215,79. Á vörureikningum er tilgreindur frádráttur “Gift Certificate” £ 94,02. Á kvittun sem dagsett er 14. desember frá fyrirtækinu er þessi liður nefndur “Promotion Applied” £ 94,02. og er kaupanda gert að greiða £ 121,77. Viðtakandi sendingarinnar er tilgreindur kærandi, A.

Ríkistollanefnd hafði samband við fyrirtækið amazon.co.uk og aflaði upplýsinga um áðurnefnd “Gift certificate” (Gjafabréf) og “Promotion applied”. Nefndarmönnum var tjáð af starfsmanni amason.co.uk að hægt sé að kaupa gjafabréf fyrir upphæð frá £ 5 til £ 500 og senda vinum og vandamönnum eða í raun hverjum sem er, m.a. sjálfum sér. Í svörum starfsmanns kom enn fremur fram að ef reikningur fyrirtækisins tilgreini “Gift certificate” og það sé enn fremur í öðrum gögnum orðalagið “Promotion applied” þá sé um að ræða nýtingu “Gift certificate” við umrædd vörukaup og reikningur lækkaður sem nemur gjafabréfinu.

Á heimasíðu fyrirtækisins kemur fram að fyrirtækið bjóði enn fremur svokallað “Promotional Gift certificate as a way to say Thank you for shopping with us”. Þar er um að ræða afslátt á innkaupsverði vörunnar frá Amazon eða birgjum Amazon og er það þá sérstaklega tilgreint á reikningi sem “Promotional Gift certificate”.

Þá var það staðfest sem reyndar kemur fram á heimasíðu amazon.co.uk að boðið er upp á valmöguleika að merkja vörur sem gjöf við sendingu þeirra.

Eins og fram hefur komið er tilgreint á reikningi að nýtt hafi verið “Gift Certificate” að upphæð £ 94,02. og kemur sú upphæð til lækkunar á greiðslu vörunnar. Í málatilbúnaði kæranda er því haldið fram að um sé að ræða vöru á tilboði sem standi öllum til boða. Nefndarmenn geta ekki séð að þessi fullyrðing sé rétt heldur er eingöngu um það að ræða að seljandi lækkar vöruverð sem nemur greiðslu (gjafabréfi) kaupanda vörunnar.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra er réttilega vísað til 1. mgr. 14. gr. tollalaga um að tollverð innfluttra vara sé viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega sé greitt eða greiða ber fyrir vöru við sölu hennar til útflutnings til landsins. Því beri að fara eftir viðskiptareikningi þegar aðflutningsgjöld sendingar eru ákvörðuð. Viðskiptaverð sendingarinnar er samkvæmt reikningi £ 215,79, og ber að leggja það til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda.

Kærandi krefst þess að við útreikning aðflutningsgjalda verði tekið tillit til þess að vara sú sem deilt er um tollverð á sé gjöf frá bróður hans sem sé búsettur í Hollandi.

Því til sönnunar hefur hann lagt fram við ríkistollanefnd húsaleigusamning sem bróðir hans gerði í Hollandi.

Ljóst er að bróðir kæranda er skráður kaupandi þessarar vöru og nýtir hann við kaupin gjafaafsláttinn. Einnig er ljóst að hann er búsettur í Hollandi þó að hann sé skráður með lögheimili hér á landi. Í ljósi þessa þykir nefndarmönnum rétt að fallast á kröfu kæranda að hann fái notið fríðinda skv. a-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um undanþágu frá almennri tollskyldu, þegar um gjafir sé að ræða. Í 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008 segir m.a. *“Tækifærisgjafir sem aðilar búsettir erlendis senda til landsins eða hafa meðferðis frá útlöndum vegna tilefna sem tengjast einkalífi, svo sem vegna jóla, afmælis eða fermingar, eru undanþegnar aðflutningsgjöldum, enda sé verðmæti þeirra að hámarki kr. 10.000 miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Sé verðmætið meira skal reikna aðflutningsgjöld af því verðmæti sem er umfram þá fjárhæð.”* Þó að kaupandi vörunnar hafi ekki nýtt sér þjónustu seljanda um merkingu vörunnar sem gjöf, virðist nefndarmönnum að um ókunnugleika sé um að kenna.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 3/2009 staðfestur að hluta þ.e. reikna skal tollverð póstsendingar P 150 20 12 8 IS B35 3315 út frá viðskiptaverði þ.e. £ 215,79. Fallist er á að kærandi fái notið heimildar í 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008.